

Eystrahorn

5. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 4. febrúar 2021

www.eystrahorn.is



Eftir viðvarandi frost undanfarnar vikur er Hoffellslón ísi lagt. "Demanturinn" á Hoffellslóni var tignarlegur á meðan hann stóð en veðráttan hefur nú lagt hann að velli. Margir hafa lagt leið sína að Hoffellsjökli til að njóta þessarar jöklaveraldar. Vatnajökulsþjóðgarður vill þó brýna fyrir fólki að gæta itrustu varkárni þegar gengið er út á ís og mælir ekki með því að ganga á ísi lögðum jökullónum, sérstaklega ekki í hlýindum og þegar sól fer að hækka á lofti.

Mynd: Lilja Jóhannsdóttir

Efling FabLab smiðjunnar á Höfn



FAB LAB

FabLab Hornafjörður, stafræna smiðja okkar Hornfirðinga hefur stimplað sig vel inn í nýsköpunarumhverfið á Íslandi og víðar með því frábæra starfi sem þar er unnið undir stjórn Vilhjálms Magnússonar,

forstöðumanns Vöruhússins.

Á mínu fyrsta kjörtímabili í bæjarstjórn 2010-14, var unnið að undirbúningi að opnun smiðjunnar, skoðað hvernig starfsemin væri á öðrum stöðum á landinu og leitað ráðgjafar. Nýsköpunarmiðstöð Íslands var þá með starfsmann á Höfn sem vann með okkur að þessu ferli.

Smiðjan fer síðan af stað 2013-2014 og hefur verið í stöðugri sókn síðan með stopulur stuðningi frá Nýsköpunarmiðstöð en hún hefur frá upphafi verið rekin af sveitarfélaginu. Aðrar FabLab smiðjur landsins hafa verið ýmist reknar af ríkinu eða með stuðningi frá ríkinu í gegnum Nýsköpunarmiðstöð.

Samningur um þátttöku ríkisins

Fulltrúar sveitarfélagsins hafa í gegnum árin verið ötulir í að benda á þessa mismunun en ekki haft erindi sem erfiði fyrr en nú um áramótin þegar atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og

menningarmálaráðuneytið koma að borðinu með myndarlegum hætti og gera samning við sveitarfélagið um þátttöku í FabLab Hornafjörður með 8 milljón króna árlegu framlagi næstu þrjú árin. Fjórar milljónir koma inn í verkefnið frá hvoru ráðuneyti fyrir sig.

Samningurinn felst í því að veita námskeið og fræðslu í stafrænni framleiðslutækni og nýsköpun innan skólakerfisins, til almennings og fyrirtækja eins og verið hefur.

Efling starfseminnar

Með því fjármagni sem veitt er með þessum samningi gefst tækifæri til að efla smiðjuna af tækjakosti og gefur aukinn kraft í starfseminna til viðbótar við viðurkenningu á því góða starfi sem þar fer fram.

Sem fyrr er öllum velkomið að nýta smiðjuna og vonumst við til þess að námskeiðin verði vel sótt og nýsköpun nái að blómstra sem aldrei fyrr í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Ásgerður K. Gylfadóttir, formaður bæjarráðs.

Leitum að aukaleikurum fyrir kvikmynd



Join Motion Pictures leitar að fólki á öllum aldri í aukahlutverk fyrir næstu kvikmynd hornfirska leikstjórans Hlyns Pálmasonar. Um er ræða mynd sem gerist í kringum 1870 og ber heitið **VOLÁÐA LAND**.

Myndin verður í tókum frá lok maí - miðjan ágúst 2021 á Hornafirði og í nánasta umhverfi.

Ekki er þörf á að vera laus allt tókutímabilið né að hafa neina fyrri reynslu af leiklist.

Við hvetjum alla sem hafa áhuga að fá nánari upplýsingar til að senda eftirfarandi á info@jmp.is:

- Nafn, símanúmer, netfang
- Aldur, hæð og þyngd
- Skýr ljósmynd af andliti



Sigríður Sveinsdóttir Háls-nef og eyrnalæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni dagana **18. og 19. febrúar n.k.**

Tímamantanir á heilsuvera.is og í síma 432-2900 virka daga milli kl. 09.00-14.00



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Eystrahorn



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

15., 16. og 17. febrúar.

Tímamantanir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 12. febrúar.

Næsta skoðun 12., 13. og 14. apríl

Athugið! Ekki skoðað í mars.

Frumherji

Þegar vel er skoðað



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR



Breytingar á lögnum og lagnakerfum

Það er mikilvægt að breytingar á lögnum og lagnakerfum séu unnar skv. öllum gildandi reglum og stöðlum og uppfylli viðeigandi öryggis- og hollustukröfur. Oft lenda eigendur íbúðarhúsa í vandræðum þegar þá vantar lagnateikningar af húsum sínum þegar kemur í ljós að engar teikningar eru til. Það eru hagsmunir húseigenda að láta útbúa hönnunargögn og ráða fagaðila í verk.

Vegna fyrirspurnar um leyfisskyldu breytinga á lögnum íbúðarhúsa er bent á eftirfarandi:

Minniháttar breytingar á lögnum í íbúðarhúsnæði falla undir tilkynningarskyldu sbr. 2.3.5.gr. byggingarreglugerðar 112/2012. Tilkynningu skal senda inn í gegnum íbúagátt og skulu þeim fylgja fullnægjandi hönnunargögn.


Þegar um breytingar á heilum lagnakerfum er að ræða skal sækja um byggingarleyfi sbr. 9. gr. mannvirkjalaga 160/2010. Umsóknir skal senda gegnum íbúagátt og skulu þeim fylgja uppdættir, tilkynning um hönnunarstjóra, byggingarstjóra og viðeigandi iðnmeistara. Bæjarstjórn samþykkti niðurfellingu byggingarleyfisgjalda vegna breytinga á hitakerfum húsa til 30.06.2021.

Vinsamlega hafið samband við byggingarfulltrúa ef óskað er eftir frekari upplýsingum á netfangið bartek@hornafjordur.is eða 470-8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Uppbyggingarsjóður Suðurlands opnar fyrir umsóknir



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

lögaðila s.s. fyrirtækis, stofnunnar eða félagasamtaka þarf viðkomandi lögaðili að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum þess lögaðila en ekki einka aðgangi verkefnastjóra. Athugið að ekki er hægt að breyta kennitölu og nafni umsækjanda eftir að umsókn hefur verið stofnuð.

Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna. Hægt er að fá upplýsingar um ráðgjöfina á vefsíðu SASS, eða bóka tíma í ráðgjöf hér

Umsóknir skulu berast fyrir kl. 16:00 þann 3. mars 2021.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í vorúthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2021. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar á Suðurlandi. Í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar eru það atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni sem eiga kost á stuðningi ásamt nýsköpunarverkefnum sem efla fjölbreytileyka atvinnulífs. Í flokki menningar er markmið að verkefni efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands byggir á Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024. Umsækjendum er því bent á að kynna sér vel úthlutunarreglur sjóðsins, áherslur, markmið og mat á umsóknum sem eru aðgengilegar hér.

Við bendum á nýja ráðgjafasíðu með leiðbeiningum um umsóknarskrif og móttöku verkefna.

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum umsóknarvef sjóðsins. Umsækjandi þarf að skrá sig inn á umsóknarformið með íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Ef sótt er um í nafni

Auglýst er tillaga að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, vegna Breiðamerkursands

- Umsagnarfrestur er til 14. mars
- Eintök munu liggja frammi í Gömlubúð, Skaftafellsstofu, Ráðhúsi Hornafjarðar og í afgreiðslu Náttúrufræðistofnunar Íslands í Garðabæ.
Munum eftir að huga að persónulegum sóttvörnum.
- Einnig er hægt að skoða tillöguna á www.vjp.is
- Umsagnir berist á póstfangið info@vjp.is

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR



Meningarmálastofnun
Sameinuðu þjóðanna



Vatnajökulsþjóðgarður
Lifandi samgöngi elds og ísa
Samþykktur á heimsfundinum 2019



Samvinna eftir skilnað – barnanna vegna

Þann 1. apríl 2020 hóf göngu sína reynsluverkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins sem ber nafnið *Samvinna eftir skilnað* og unnið er að danskri fyrirmynd. Markmið verkefnisins er að innleiða og þróa nýtt vinnulag í félagsþjónustu og efla félagslega ráðgjöf með áherslu á skilnaðarmál, forsjár- og umgengismál, barnanna vegna. Með því að veita ráðgjöf og þjónustu á fyrri stigum hjá félagsþjónustu standa vonir til þess að hægt verði að draga úr líkum á ágreiningi á milli foreldra.

Félagsþjónustur Múlaþings, Fjarðabyggðar og Hornafjarðar bjóða upp á ráðgjöf og stuðning við foreldra sem eru að hugsa um að skilja, eru í skilnaðarferli eða hafa skilið fyrir einhverju síðan og vilja bæta samvinnu sín á milli. Boðið er upp á námskeið, einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðningsviðtöl. Einnig býðst foreldrum að taka þátt í námskeiði á netvangi verkefnisins.

Foreldrar sem vilja þiggja stuðning og ráðgjöf varðandi skilnað og samvinnu eftir skilnað geta sett sig í samband við félagsþjónustu síns heimasvæðis.



SAMVINNA
EFTIR SKILNAÐ

Frekari upplýsingar er hægt að fá á netvangnum www.samvinnaeftirskilnad.is eða með því að senda fyrirspurn á eftirfarandi netföng:

Múlaþing

Guðrún Helga Elvarsdóttir
g.helga.elvarsdottir@mulathing.is

Fjarðabyggð

Helga Elísabet Guðlaugsdóttir
helga.gudlaugsdottir@fjardabyggd.is

Hornafjörður

Erla Björg Sigurðardóttir
erlab@hornafjordur.is



Múlaþing



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



FJARÐABYGGÐ

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð og samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur og úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 2. MARS, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Fyrir 30 árum

Í 6. tölublaði Eystrahorns sem kom út fimmtudaginn 7. febrúar árið 1991 birtist þetta skemmtilega viðtal við unga uppprennandi tónlistarmenn á Hornafirði. Kannist þið við drengina ?



Bílskúrsbandið

Ef gengið er um Austurbrautina seinni part dags má stundum heyra trumbuslátt mikinn úr bílskúr einum. Þarf hafa þrjár ungir piltar stofnað hljómsveit ofan í gryfjunni og skemmta sér við æfingar. Hljóðfærin hafa þeir búið til sjálfir af miklum hagleik og efnið er allt heimaefengið.

Eystrahorn rann á hljóðið einn daginn og áráeddi að trufla tónlistarmennina:

Sælir strákar, megum við taka mynd af ykkur fyrir Eystrahorn ?
Já, já, það er allt í lagi.

Viljið þið kynna ykkur fyrir lesendum ?

Ég heiti Páll Birgir, 9 ára og spila á trommur.
Friðrik, ég er 10 ára og spila á gítar.
Gunnar Örn, 11 ára og spila líka á gítar.

Er langt síðan þið smíðuðu þessi hljóðfæri ?

Við gerðum það í haust áður en skólinn byrjaði.

Hvar fenguð þið efni ?

Bara hérna í bílskúrnum hjá Jóni og Ágústínu.

Semjið þið lög sjálfir líka ?

Já, smávegis og svo spilum við og syngjum allskonar lög sem við kunnum.

Eru þið í Tónlistarskólanum ?

Friðrik: Já, ég er í gítartímum.

Hinir: Við stefnum að því að komast í Tónlistarskólann líka.

Þið verðið að spila eitt lag fyrir okkur.

(Verst að geta ekki sent spólu með hverju blaði)

Palli trommari að loknu laginu: Sunguð þið strákar ?

Sigurjón Gíslason (í starfskyrningu) GG.

Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er.

Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



1000 kr.
á mánuði



2000 kr.
á mánuði



3000 kr.
á mánuði

3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkar

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Húsnæði óskast til leigu



Kvikmyndaframleiðslufyrirtækið **Join Motion Pictures** óskar eftir samstarfi við íbúa Hornafjarðar sem hafa tök á að leigja íbúðarhúsnæði undir starfsfólk nýjustu kvikmyndar **Hlyns Pálmasonar**. Þessi þriðja mynd hans í fullri lengd er íslensk-dönsk, á að gerast um 1870 og ber heitið **VOLAÐA LAND**.

Join Motion Pictures og Snowglobe framleiða kvikmyndina en þau stóðu einnig á bak við fyrri mynd Hlyns, HVÍTUR, HVÍTUR DAGUR, sem tekin var upp að hluta til á Hornafirði. Samstarfið við Hornfirðinga var mikils virði fyrir þá mynd og erum við því mjög þakklát.

Von okkar er að geta tekið þessa nýju mynd upp að öllu leyti á og í kringum Hornafjörð og því mikilvægt að fá leigð í heildina um 40 herbergi til að rúma allt tökuteymið. Tökur eru planaðar næsta sumar frá lok maí til miðjan ágúst. Það er okkur mikils virði að heyra frá öllum þeim sem geta mögulega leigt okkur húsnæði á tímabilinu, hvort sem það er að heild eða hluta. Skoðum allt, stór hús og lítil, íbúðir og sumarbústaði o.s.frv.

Fyrirspurnum svarað í info@jmp.is og í síma 615-0005

KJÚKLINGA
BORGARI
MÁLTÍÐ

Crispy chicken burger

1.795 kr.



*0,5 lítri í plasti frá CCEP fylgir með

SUNNUDAGS
TILBOÐ

FJÖLSKYLDU
TILBOÐ
TAKE AWAY

Family special

4.495 kr.



*2 lítri í plasti frá CCEP fylgir með
Tilboð gilda út febrúar 2021

N1 Höfn



Nestlé